

mai 1984

STEFNA VERU

1. VERA fjalli um reynsluheim kvenna í hvaða formi og á hvern þann hátt, sem konur velja að segja hug sinn.
2. VERA er mál gagn kvenfrelsisbaráttu eins og hún birtist í hugmyndafræðigrundvelli og stefnuskrám Kvinnalista og Kvennaframboðs. Blaðið er þó opin umræðuvettvangur allra kvenna enda séu greinar birtar á ábyrgð greinarhöfunda sjálfra. Þó skal ritnefnd heimilt að hafna greinum sem hún telur ekki hæfar til birtingar.
3. VERA birtir ekki auglýsingar eða greinar sem á einhvern hátt eru kvenfjandsamlegar. Ritnefnd getur þó gert undantekningar með greinar sem hún telur svaraverðar og skal þeim þá svarað í sama blaði.
4. Stefnt skal að því að blaðið komi út reglulega, 9 sinnum á ári.
5. Hlutföll borgarmála- og þingmálafrétta samanlagt af efni blaðsins fari ekki yfir 20%.
6. Stefnt skal að því, að útgáfa VERU verði ekki háð auglýsingum, en meðan svo er fari þær ekki yfir 20% af efni blaðsins.